

Íslenskur iðnaður

3. og 4. tölublað 19. árg.

Mars/Apríl 2013

Samtök iðnaðarins

SI

Iðning 2013

Mörkum stefnuna...

nánari umfjöllun bls. 4 og 5



Ölgerð Egils Skallagrímssonar 100 ára



Ölgerð Egils Skallagrímssonar fagnar 100 ára afmæli í ár. Ölgerðin var stofnaðili að Félagi íslenskra iðnrekenda og hefur því verið félagsmaður óslitið í 80 ár. Haldið verður upp á afmæli fyrirtækisins með ýmsum hætti en auk þess verður sérstaklega haldið upp á afmæli Malts sem er fyrsti framleiðsludrykkur Ölgerðarinnar og hefur haldist óbreyttur á borðum landsmanna í heila öld.

Félag ráðgjafarverkfræðinga gengur til liðs við SI og SA

Í mars voru undirritaðir samningar um aðild Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI, Björgólfur Jóhannsson, formaður SA og Júlíus Karlsson, formaður FRV skrifuðu undir samningana sem tóku gildi 1. apríl.

Samtökin fagna þessum góða liðsauka en með breytingunni er lagður grunnur að enn sterkari samtökum sem gæta hagsmuna íslensks iðnaðar. Fyrirtækin í FRV hafa snertiflöt við öll svið íslensks atvinnulífs og með aðild að SI eykst enn frekar slagkraftur samtakanna í þágu allra félagsmanna.

Með aðildinni taka Samtökin að sér almenna starfsemi og hagsmunagæslu fyrir FRV. Í því felst m.a. úttekta á laga- og reglugerðarumhverfi FRV, umsnagnir um lagafrumvörp sem hafa áhrif á starfskilyrði félagsmanna í samstarfið við laganeftnd FRV, sérstök vöktun á lagasetningum tengdum innleiðingum á ESB tilskipunum sem snerta starfsemi FRV og síðast en ekki síst munu samtökin reyna að hafa áhrif á stjórnvöld til að tryggja samkeppnishæfni íslenskra verkfræðifyrirtækja.

bls. 2

Vægi atvinnulífs í kosningumfjöllun



bls. 3

Nýir stjórnarmenn SI



bls. 6, 7

Iðning 2013 Mörkum stefnuna



bls. 12

Við uppskerum eins og við saum!

Við hlökkum með öðrum til Gæðislausis 12. 05.1401 eftir á vefbókunum okkar sína



bls. 13

Mikill hugur í málm- og véltækniíðnaði



Vægi atvinnulífs í kosningaumfjöllun



Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI

Samtök iðnaðarins gerðu ítarlega könnun meðal félagsmanna í aðdraganda Iðnþings. Rýnt var í stöðu efnahagslífsins, viðhorf til gjaldmiðlamála, Evrópumála o.fl. Ennfremur var lagt mat á það hversu mikla eða litla áherslu Samtökin ættu að leggja á margvísleg málefni. Viðhorf og hagsmunir félagsmanna eru jafnan höfð að leiðarljósi í starfi SI og því eru kannanir sem þessar afar mikilvægar.

Niðurstöður könnunarinnar eru atvinnuþróun og hlífðarverðir í ljósi komandi alþingiskosninga. Íslenskur iðnaður veitir um fimmtungi landsmanna vinnu, aflar um helming gjaldyristekna þjóðarinnar og skapar tæpan fjórðung landsframleiðslunnar. Ætla mætti að sjónarmið iðnaðarins hefðu nokkurt vægi þegar kemur að áherslumálum stjórnvalda í aðdraganda kosninga og almennri stjórnvaldaumráðum. Svo er þó ekki nema að takmörkuðu leyti.

Stærstu kosningarmálin

Af stjórnvaldaumráðum undanfarnar vikur má ráða að stærsta kosningarmálið séu hagsmunir heimilanna, einkum stökkbreyttar skuldir og verðtryggingin. Ný stjórnarskrá, nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi og umhverfismál eru einnig nokkuð ofarlega á baugi. Ennfremur eru pólitískar illdeilur, sem koma málefnum lítið sem ekkert við, stór málaflokkur.

Ekki þarf að koma á óvart að skuldamálin séu fyrirferðamikil enda er ljóst að verðtryggðar skuldir almennings hafa hækkað mikið síðustu misserin samhliða lækkun raunlauna. Iðnaður er mikilvæg

uppspretta starfa og verðmætasköpunar og hvernig starfsskilyrði honum eru búin skipta heimilin í landinu miklu máli. Vissulega hafa stjórnvaldaflokkarnir skoðun á efnahags-, skatta og atvinnu- málum og tillögur sumra flokka í þeim efnum eru bæði skynsamlegar og til þess fallnar að efla iðnaðinn í landinu. En það er áhyggjuefni að málefni hans skuli ekki vega þyngra í kosningaumráðunni en raun ber vitni. Áherslur fjölmiðla, uppsetning kappræðna og val á spurningum benda einnig eindregið til að áhugi þeirra á málefnum atvinnulífsins sé takmarkaður.

Töfralausn

Kjör fólksins í landinu er alltaf viss spegilmynd af stöðu atvinnulífsins. Kaupmáttur getur ekki aukist mikið meira en sem nemur hagvexti sem aftur verður ekki til nema atvinnulífið dafni. Afnámsverðtryggingar eða stórfelld niðurfelling húsnæðisskuldna mun ekki auka hagvöxt. Vissulega getur einkaneysla aukist í gegnum auðsáhrif en í því felst ekki verðmætasköpun heldur eignatilfærsla. Það gleymist stundum að skuldavandinn varð til vegna þess að við skuldsettum okkur of mikið. Stökkbreyting skuldanna varð vegna efnahagslegrar óstjórnar. Við þessum vanda er engin töfralausn til. Efnahagslegur stöðugleiki sem hemur verðbólgu og verðmætasköpun sem gerir okkur kleift að greiða niður skuldir er eina færa leiðin.

Skuldaniðurfellingar munu að líkindum ýta undir verðbólgu. Ef samhliða verður farið í að auka hlut óverðtryggðra hús-

næðislána er viðbúið að vaxtastig muni hækka og þá fyrst munum við sjá heimilin í landinu í greiðsluvanda ef saman fer vaxandi verðbólga og víðtæk óverðtryggð húsnæðislán.

Ný stjórnarskrá, afturköllun aðildarumsóknar, aukið vægi náttúruverndar og lýðræðisvakning eru góð og gild málefni en þau munu ekki frekar en niðurfelling skulda auka verðmætasköpun.

Mikilvægasta hagsmunamál heimilanna

Það er áhyggjuefni að stjórnvaldaáherslur í aðdraganda kosninga beinast lítið að málefnum iðnaðarins og atvinnulífsins í heild. Staðreyndin er nefnilega sú að mikilvægasta hagsmunamál heimilanna er að sköpuð séu hagfelld skilyrði fyrir atvinnulífið og að stöðugleiki náist í efnahagslífinu. Mörg stærstu kosningamálin vinna beinlínis gegn þessu marki. Ef niðurstöður könnunar Samtaka iðnaðarins væri leiðandi fyrir stjórnvaldaumráðuna væru menntamál, skattamál, peningamál og atvinnulífsfjárfestingar í forgrunni.

Svo er því miður ekki.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

SI Svana Helen Björnsdóttir endurkjörin formaður

Í stjórnina voru endurkjörin þau Andri Þór Guðmundsson, Guðrún Hafsteinsdóttir og Kolbeinn Kolbeinsson. Nýr í stjórn kemur Ragnar Guðmundsson, Norðuráli en úr stjórn gengur Tómas Már Sigurðsson eftir 6 ára stjórnarsetu.

Stjórn SI: Þessi fjögur hlutu flest atkvæði og setjast í stjórn Samtaka iðnaðarins til næstu tveggja ára: Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðin Egill Skalla-grímsson ehf., Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís ehf., Kolbeinn Kolbeinsson, Ístak hf., Ragnar Guðmundsson, Norðurál ehf. Fyrir í stjórn Samtakanna eru: Bolli Árnason, GT Tækni ehf., Lárus Andri Jónsson, Rafþjónustan ehf., Sigsteinn P. Grétarsson, Marel hf., Vilborg Einarsdóttir, Mentor ehf.

Ráðgjafaráð: Tveir sem koma næst að atkvæðatölu eru kjörnir til setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn SI, þeir Halldór Einarsson, Henson ehf. og Jón Gunnar Jónsson, Actavis. hf.



Þorsteinn Víglundsson tekur við af Vilhjálmi Egilssyni

Stjórn SA hefur ráðið Þorstein Víglundsson sem framkvæmdastjóra. Þorsteinn hefur víðtæka reynslu úr íslensku atvinnulífi og hefur undan-gengin 15 ár starfað á sviði fjármálamarkaða og iðnaðar, nú



síðast sem framkvæmdastjóri Samáls þar sem hann leiddi stofnun og mótun samtakanna. Þorsteinn segir það mjög spennandi að takast á við þau fjölmörgu krefjandi verkefni sem framundan eru, langvarandi doða í efna-hagslífinu, hátt vaxtastig og örar breytingar á skattaumhverfi fyrirtækja hefur haft mikil áhrif á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja. Mikilvægt sé að örva fjárfestingu og hagvöxt og ná þurfi skynsamlegri lendingu við gerð kjarasamninga til næstu ára. Þá sé brýnt að leysa atvinnulífið úr viðjum gjaldeyrishafta og létta á þrýstingi sem fjármagn sem er lokað innan múra hafta veldur, bæði á gengisþróun og verðlag. Þessi verkefni kalli á gott samstarf aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda, ef vel á að takast við úrlausn þeirra.

Þorsteinn er kvæntur Lilju Karlsdóttur, kennara og eiga þau þrjár dætur.

Nýir stjórnarmenn SI

Jón Gunnar Jónsson er framkvæmdastjóri Actavis ehf. sem er framleiðslueining Actavis á Íslandi. Jón Gunnar lauk vélaverkfræði frá HÍ 1985 og M.Sc. prófi frá Danmarks tekniske Højskole 1987.



Hann starfaði hjá Sláturfélagi Suðurlands sem framleiðslustjóri í ein 13 ár og tók þátt í endurskipulagningu félagsins og flutningi á starfsemi þess til Hvolsvallar.

Þaðan fór hann til Alcan í Straumsvík og starfaði þar sem framkvæmdastjóri steypuskála í fimm ár eða þangað til hann tók við sem verksmiðjustjóri álvers Alcan í Englandi árið 2005. Jón Gunnar var þar í tæp tvö ár þar til hann tók við núverandi starfi hjá Actavis.

Jón Gunnar er kvæntur Sigríði Ríkarharsdóttur skrifstofumanni og eiga þau þrjú börn.



Ragnar Guðmundsson hefur starfað hjá Norðuráli í 15 ár, þar af sem forstjóri fyrirtækisins frá árinu 2007. Áður starfaði hann sem deildarstjóri hagdeildar og deildarstjóri innanlandsdeildar hjá Samskip og var fjármálastjóri Básafells á Ísafirði. Ragnar er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá McGill University í Kanada.

Ragnar hefur setið í stjórn hinna ýmsu fyrirtækja, á sæti í stjórn Hibernia Networks og Samáls, er í varastjórn Viðskiptaráðs Íslands og var formaður Íslensk ameríska viðskiptaráðsins á árunum 2004-2006.

Ragnar er kvæntur Írisi Höllu Nordquist viðskiptafræðingi og eiga þau fjögur börn.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
3.-4. töl. 19. árg. Mars/Apríl 2013
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 18.4.2013
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orrí Hauksson
Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Mörkum stefnuna



Fjölmennnt var á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins þar sem fjallað var um efnahagsleg tækifæri og ógnir sem Ísland stendur frammi fyrir á næstu árum. Þrjú erlendir sérfræðingar á ólíkum sviðum deildu með gestum sýn sinni á þróun í nýtingu auðlinda og lýðfræði á norðurslóðum, tækni- og löggjöf á Vesturlöndum og fjármál og iðnþróun Evrópu.

„Við þurfum að rjúfa kyrrstöðu, komast aftur á stað“

„Öflugt atvinnulíf og arðbær fyrirtækjarekstur er undirstaða lífsgæða fólksins í landinu. Við sem störfum í íslenskum iðnaði upplifum að myndast hafi gjá milli atvinnulífsins og stjórnvalda. Stjórnálmenn hafa á undanföllum árum orðið viðskila við íslenskan iðnað. Þörf er á nýrri sýn, eða a.m.k. á nýju sjónarhorni á annars þekkt mál. Stjórnálmennirnir móta skilyrði atvinnulífsins, en við þurfum síðbót innan stjórnálmanna og innan stjórnálmáflökkanna. Við megum engan tíma missa. Við þurfum að rjúfa kyrrstöðu, komast aftur á stað, upp úr gömlum föllum og áfram.“

Þetta er meðal þess sem Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI sagði í ræðu sinni. Hún sagði það frumskyldu stjórn-

valda í landinu að tryggja atvinnulífina viðskiptaumhverfi sem stenst samanburð við það umhverfi sem viðskipta- og samkeppnisþjóðir búa við. Vanræki stjórnvöld það hlutverk líði allt þjóðfélagið, það tapi í samkeppninni um fólk og fjármagn og líf skjör í landinu versni.

Þá fjallaði Svana um aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið. Hún sagði skiljanlegt að margir væru efins um að aðild væri rétta skrefið, atvinnuleysi sé mikið og viðvarandi í flestum evrulöndum, Evrópa verði væntanlega svæði hægs vaxtar næstu áratugi m.v. t.d. Asíu og N-Ameríku og rekstur evrunnar kalli á miklar breytingar, s.s. að reka björgunarsjóði og bræða saman ríkisfjármál evru-landanna. Hún sagði það þó engu að síður sína skoðun farsælast að halda viðræðunum áfram. Þar kæmi fram við-

leitni til að búa íslensku atvinnu- og þjóðlífi betri skilyrði og jafna samkeppnisstöðuna. „Íslensk fyrirtæki eru í samkeppni við evrópsk fyrirtæki, bæði á markaði ESB og öðrum mörkuðum. En það er eins og við séum með aðra höndina bundna aftur fyrir bak, með gjald-eyrishöft, miklu hærra vaxtastig og gjaldmiðil sem hvergi er tekið mark á. Þetta bætist við þann vanda sem ekki verður ráðið við, sem er fjarlægð landsins frá helstu mörkuðum. Með þessu ástandi er öllu snúið á haus, við þyrftum einmitt að búa við betri samkeppnis- skilyrði til þess að vega upp á móti fjarlægðinni.“

Ísland kjörlendi nýsköpunar og tækniframfara

Brad Burnham, fjárfestir hjá Union Square Ventures í New York, hefur fjárfest í netfyrirtækjum og samfélagsmiðlum sem eru hluti af daglegu lífi fólks um víða veröld og telur að lagaumhverfið á netinu muni versna umtalsvert á næstu árum, sérstaklega í Bandaríkjunum. Hann hefur lagt til að Íslendingar nýti sér tækifærið og skapi hér á landi kjörlendi



- Iðnþing 2013



nýsköpunar og tækniþróun á netinu, með einföldu lagaumhverfi og umhverfisvænum gagnaiðnaði. Ísland hafi ótæmandi möguleika til viðskipta í gegnum netið og þjóðin geti tekið forystu með því að móta nýjar og nútímalegar reglur um milliliðalaus viðskipti á netinu og gerst miðstöð fyrir slík viðskipti.

Tækifæri samfara breytingum á norðurslóðum

Dr. Laurence C. Smith, prófessor í jarð- og geimvísindum við UCLA háskóla í Bandaríkjunum hefur rannsakað náttúrulega og efnahagslega framvindu á nyrsta parti jarðar, meðal annars á Íslandi. Laurence hefur sett óvenjulega lýðfræði Íslendinga í sérstakt samhengi – ekki síst þegar borið er saman við aðrar norðurþjóðir. Þá hefur hann sett fram margvíslega spádóma og ráðleggingar sem varða hagræna stefnumörkun á norðurslóðum. Fjallaði hann meðal annars um athyglisverðar hugmyndir sínar um tækifæri Íslands í framtíðinni.

Hann lýsti mikilvægi landfræðilega svæðisins sem hann kallar Northern Rim Countries eða NORC og samanstendur af

Kanada, Norðurameríku, Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi. En í þessum átta löndum og sjónum í kringum þau munu aðstæður gjörbreytast næstu 40 árin sem leiðir til vaxandi athafnasemi sem mun hafa áhrif um allan heim.

Benti hann á að hlýnun andrúmsloftsins væri óumflýjanleg en yrði hins vegar mismikil eftir svæðum. Svo virðist sem Ísland muni ekki hlýna eins mikið og mörg önnur svæði en hins vegar virðist ljóst samkvæmt öllum spám að einna mest hlýnun verði á norðurheimskautsvæðinu. Þetta hefur margvíslegar afleiðingar í för með sér. Annars vegar flyst meira fólk inn á svæðið, ásókn í auðlindir eykst, ekki síst á sviði olíu og gass sem virðist vera mikið af á svæðinu. Þá hefur hann fjallað mikið um orkunýtingu í framtíðinni en stór hluti þeirrar auknu orku sem notuð verður mun koma frá norðurhveli jarðar og Ísland hefur tækifæri til að vera í fararbroddi. Hlýnun á norðurslóðum mun á næstu áratugum opna nýjar siglingaleiðir sem vafalítið skapar margvísleg tækifæri. Ný tegund af þjónustuiðnaði er

þegar farin að myndast og mikilvægt er að stefnumótun á Íslandi styðji við þátttöku íslensks atvinnulífs í þessari breyttu heimsmynd.

Lítill og meðalstór fyrirtæki

Matthias Krämer framkvæmdastjóri sviðs lítilla og meðalstórra fyrirtækja hjá BDI, Samtökum iðnaðarins í Þýskalandi ræddi um efnahagsþróun Evrópu á næstu árum, samkeppnishæfni mismunandi greina og landa, fjármálakreppuna, viðbrögð við henni og skoðanir þýskra iðnrekenda á áhrifum núverandi efnahagsástands á framtíðarhagkerfi í Evrópu. Hann segir efnahagsmál standa afar vel í Þýskalandi en ekki hafi verið átakalaust að ná þeim árangri. Þjóðverjar hafi neyðst til að fara í sársaukafullar aðgerðir, niðurskurð og viðamikla endurskipulagningu sem nú hefur skilað sér. Krämer segir eina ástæðu þess hversu vel gengur í Þýskalandi vera þá að 99% fyrirtækja í Þýskalandi eru lítil eða meðalstór og meirihluti þeirra eru fjölskyldufyrirtæki. Þau standa undir tæplega 52% af landsframleiðslunni og veita 14 milljónum manns atvinnu. Starfsþjálfun sem fram fer í þessum fyrirtækjum vega til að mynda þungt í hlutfallslega lágu atvinnuleysi meðal ungmenna í Þýskalandi.

Pallborðsumræður

Formenn fimm stjórnmalaflokka tóku þátt í pallborðsumræðum í lok Iðnþings. Þetta voru Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins og Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, stýrði umræðum og spurði formenn flokkanna út þau sjónarmið sem fram komu í erindum.





Ályktun Iðnþings 14. mars 2013

Mörkum stefnuna

Langtímahugsun í stað tilviljunarkenndrar stjórnáslu

Samvinna atvinnulífs og stjórnvalda

Tækni- og raungreinamenntun í fyrirrúm

Nýsköpun á grunni núverandi atvinnulífs

Arðbærar fjárfestingar og viðhald opinberra eigna

Þjóðin ráði úrslitum varðandi Evrópumál

Nafnvextir verði lækkaðir

Lausn verði fundin á krónueign erlendra aðila

Afnám gjaldeyrishafta hafið sem allra fyrst

Kjarasamningar byggist á verðmætasköpun

Á næstu árum og áratugum verða miklar breytingar í efnahagslegu umhverfi Íslands, bæði af völdum náttúrunnar og mannlegs samfélags. Margt í þeirri þróun getur orðið til hagsbóta fyrir Íslendinga, ef stjórnvöld og atvinnulíf taka höndum saman til að greina tækifærin og nýta þau.

Lýðfræði íslensku þjóðarinnar er afar hagstæð. Orku- og auðlindaþróun getur unnið ríkulega með Íslandi. Framþróun í tækni og breytingar á löggjöf í heiminum skapa fjölmörg færi. Þá þarf að nýta reynslu ólíkra ríkja af fjármálakreppu undanfarinna ára til að byggja upp bestu mögulegu framtíðarskipan sem völ er á hvað varðar fjármálakerfi og lögeyri. Grundvallaratriði er að stjórnvöld láti af handahófskenndum ákvörðunum um hagræn málefni. Vörugjaldakerfið, byggingarreglugerðin og skattbreytingarnar eru nokkur nýleg dæmi um illa undirbúnaðar breytingar sem verða með skömmum fyrirvara. Þess í stað þarf að byggja upp til langs tíma, með fyrir-sjáanlegum og skýrum hætti.

Þarfir fyrirtækja fyrir sérhæft starfsfólk, ekki síst í raungreinum, tækni og verklegri færni, munu fara sívaxandi á næstu árum. Samtök iðnaðarinnar munu setja aukinn kraft í samvinnu með yfirvöldum og menntastofnunum á öllum skólastigum til að efla slíkar námsgreinar í menntakerfinu. GERT verkefnið á grunnskólastigi er dæmi um árangursríka aðferðafræði við slíka samvinnu.

Íslenskir stjórnáslamenn skilja nú betur en áður var hvernig skattkerfi getur haft áhrif á fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum. Slíkan samhljóm má nýta til frekari umbóta á umhverfi nýsköpunar. Það þarf að byggjast á því að nýsköpun er ekki einangrað fyrirbæri heldur stöðug framþróun á grunni þess atvinnulífs sem fyrir er í landinu.

Því er lyklatríði, ekki síst til að örva nýsköpun í landinu, að svigrúm til fjárfestinga verði stóraukið að loknum kosningum. Aflétta þarf óvissu varðandi sjávarútveg og samþykkingu rammaáætlun um verndun og nýtingu orkuauðlinda, sem byggir á faglegum grunni en ekki pólitískum sérskoðunum.

Hið opinbera þarf sjálft að halda við eigin innviðum en viðhald vega og tækjabúnaðar verður mun dýrara ef því er sífellt frestað eins og nú er gert. Lífeyrissjóðir hafa boðist til að fjármagna arðbærar framkvæmdir nú þegar ríkissjóður stendur höllum fæti. Fráleitt er að hafna slíku boði, eins og var gert strax að loknum kjarasamningum 2011. Stjórnvöld höfðu við þá samningagerð heitið framkvæmdum með þess háttar fjármögnun, en á því urðu ekki efndir.

Viðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu þarf að leiða til lykta sem fyrst. Nauðsynlegt er að ljúka aðildarviðræðum og að þjóðin eigi síðasta orðið í þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál. Kjósi Íslendingar að standa utan Evrópusambandsins þarf að huga til framtíðar að öðrum gjaldmiðlakostum en upptöku evru. Engu að síður er ljóst að hin íslenska króna verður lögeyri Íslands næstu ár hið minnsta, og því er brýnt að til komi öguð hagstjórn í samræmi við peningastefnu til að halda göllum íslensku krónunnar í skefjum en leyfa kostum hennar að nýtast til að endurspegla íslenskt hagkerfi. Strax að loknum kosningum þarf að ljúka verkefnum tengdum krónueign erlendra aðila, þrotabúum bankanna og vinda að því loknu ofan af fjármagnshöftum í landinu. Nafnvexti þarf að færa niður í átt að því sem er á helstu markassvæðum og halda þeim í lágmarki þar til lausn finnst á krónueign erlendra aðila. Lægri vextir örva innlenda fjárfestingu og minnka streymi gjaldeyris úr landi í formi vaxtagreiðslna.

Stefnt er að því að gera nýja kjarasamninga í lok árs. Ekki má gera sömu mistök og árið 2011 þegar samið var um ríflegar launahækkanir vegna fyrirheita stjórnvalda um að fjárfestingum og verðmætasköpun yrði hleypt af stokkunum. Þegar það gekk ekki eftir rötuðu nafnlaunahækkanir út í verðlagið og drógu úr auknum kaupmætti landsmanna. Í þetta sinn verður að byggja á langtímasýn aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um raunhæf tækifæri til verðmætasköpunar hér á landi á næstum árum.

Könnun

Samtök iðnaðarinnar gerðu könnun fyrir Iðnþing meðal félagsmanna þar sem spurt var út í margvísleg atriði er varða viðhorf til Samtakanna, starfsskilyrði, efnahagsmál og Evrópumál.

Samkvæmt könnuninni, sem Outcome gerði, segja 54% aðspurða að Samtökin standi sig vel en 36% hvorki vel né illa. Um 10% telja SI standa sig illa. Þetta er nokkru betri niðurstaða en sambærileg könnun frá 2012 gefur til kynna en á árunum 2004-2007 var einnig spurt með þessum hætti. Á þeim tíma virðist nokkru meiri ánægja vera með Samtökin en segja má að nokkuð sterk fylgni sé á milli ánægju með Samtökin og efnahagsástands á hverjum tíma. Einnig var spurt um traust til Samtakanna og kemur í ljós að 59% félagsmanna bera frekar eða mjög mikið traust á sama tíma og um 10% bera frekar lítið eða lítið traust.

Útkoma úr margvíslegum bakgrunnsbreytum vekja líka athygli. Um 63% fyrirtækja innan SI eru á höfuðborgarsvæðinu og 37% eru á landsbyggðinni. Rúm 70% fyrirtækja starfa eingöngu á innanlandsmarkaði og tæp 30% flytja út vörur og þjónustu, í mismiklu mæli þó.


Aðstæður í efnahagslífinu

Kannað var hvernig félagsmenn meta aðstæður í efnahagslífinu. Tæp 65% félagsmanna telja að aðstæður í efnahagslífinu fyrir atvinnurekstur séu frekar eða mjög slæmar. Um fjórðungur telur aðstæður hvorki góðar né slæmar en 8,4% að aðstæður séu góðar. Þegar spurt var um horfur á næstu 6-12 mánuðum kemur í ljós að 53% telja að aðstæður muni ekki breytast en 22,5% að þær muni verða nokkru betri. 24% telja að aðstæður verði verri en þær eru núna.

Spurt var hversu mikil eða lítil áhrif gjaldeyrishöftin hafa á rekstur fyrirtækja. Alls segja 29% að höftin hafi hvorki mikil né lítil áhrif, en 49% að áhrifin séu lítil eða engin. Aðeins tæp 20% segja að gjaldeyrishöftin hafi mikil áhrif á reksturinn. Í ljós kemur að þeim mun hærra sem hlutfall útflutnings af heildarumsvifum fyrirtækisins er þeim mun meiri áhrif hafa höftin.

Spurt var hversu vel eða illa krónan hentar sem gjaldmiðill fyrir atvinnurekstur viðkomandi. Alls sögðust 26% að krónan hentaði vel, 41,2% hvorki vel né illa en 29% illa. Í ljós kemur að fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði telja frekar að krónan henti illa en annars er lítil

meðal félagsmanna



munur eftir öðrum greinum. Greinilegur munur er á milli byggðarlaga – þannig eru fyrirtæki á landsbyggðinni sáttari með krónuna en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Evrópumálin

Samkvæmt könnun um Evrópumálin sem Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins voru um 58,8% landsmanna andsnúnir aðild en 25,1% hlynt aðild. Þegar félagsmenn SI eru spurðir með sambærilegum hætti kemur í ljós að 52,8% segjast andvígir aðild en 33% hlyntir. Í báðum hópum eru 15% aðspurðra hvorki hlyntir né andsnúnir.

Þegar kannað er viðhorf til aðildarviðræðna kemur nokkur munur í ljós á viðhorfum. Á meðan 54,3% félagsmanna SI eru hlynt því að ljúka aðildarviðræðum er hlutfallið meðal almennings 43,5%. Á meðal félagsmanna vilja 34,8% hætta viðræðum en 44,6% almennings.

Í könnuninni var spurt hvort aðild að Evrópusambandinu væri hagstæð eða óhagstæð fyrir fyrirtækið. Tæp 30% segja að aðild yrði hagstæð en 33% að hún yrði hvorki hagstæð né óhagstæð. Hins vegar segja 14,4% að aðild yrði frekar óhagstæð en 15,3% mjög óhagstæð.

Í könnun Capacent var spurt hvernig viðkomandi myndir greiða atkvæði ef aðild yrði borin undir þjóðaratkvæði núna. Í þeirri könnun sögðust 70% vera á móti aðild en 30% með. Félagsmenn SI voru ekki spurðir þessarar spurningar en óhætt er að gera ráð fyrir að munur á viðhorfum sé ekki mikill.

Forgangsröðun verkefna

Félagsmenn voru loks spurðir út í forgangsröðun á helstu verkefnum sem SI vinna að. Settur var fram listi málaflokka og félagsmenn spurðir hversu mikla eða litla áherslu þeir telji að Samtökin eigi að leggja á þá. Iðn- og verkmenntun hlaut hæstu einkunn en fast á eftir fylgja vaxta- og peningamál. Ekki má þó túlka niðurstöður þannig að verkefni sem eru neðar á listanum, s.s. umhverfismál, Evrópumál, staðlar o.fl. eigi ekki að vera forgangsverkefni enda skipta ólík verkefni suma félagsmenn miklu máli þó þau vegi minna þegar á heildina er litið.

Ljóst er að að menntamál og almenn efnahagsmál eru félagsmönnum hugleikin. Stefna og áherslur í starfi Samtökanna mun taka mið af þessum niðurstöðum og aðferðafræðin nýtt við að fá félagsmenn til að taka aukinn þátt í stefnumótun SI.



Íslenskur dómari á World Skills

Íslendingar koma í fyrsta sinn að alþjóðlegu World Skills móti sem haldið verður í Leipzig í Þýskalandi í júlí.

Þátttakan er í formi dómgæslu en tilgangurinn er að fulltrúi Íslands kynni sér fyrirkomulag og áherslur mótsins með það í huga að hægt verði að taka upp keppnisgreinina á Íslandsmóti iðn- og verkgreina á næsta ári.

Félag um upplýsingatækni og menntun og SUT, Samtök upplýsingatækni-fyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins, standa að því að senda dómara á mótið og hann mun dæma keppnisgreinina „Upplýsingatækni – hugbúnaðarlausnir fyrir fyrirtæki.“

World Skills er heimsmeistaramót iðn- og verkgreina og er haldið annað hvert ár.



Niðurstöður ánægjuvogarinnar kynntar



Hæstu einkunn allra fyrirtækja árið 2012 hlaut Nova. Nova er því heildarsigurvegari Íslensku ánægjuvogarinnar árið 2012 og jafnframt sigurvegari í flokki farsímafyrirtækja. Fast á hæla Nova kemur ÁTVR sem er efst flokki smásöluverslana. Í fyrsta sæti í flokki banka er Landsbankinn og í flokki tryggingafélaga Tryggingamiðstöðin. HS orka er í fyrsta sæti raforkusala og Atlantsólía er efst meðal olúfélaga. Bauhaus er með hæstu einkunnina meðal byggingavöruverslana. Krónan er í fyrsta sæti í flokki matvöruverslana og Lyfja sigraði í flokki lyfjaverslana.

Íslenska ánægjuvögin er félag í eigu

Samtaka iðnaðarins, Stjórnvísí og Capacent Gallup og sér Capacent Gallup um framkvæmd mælinga. Markmið félagsins er að stuðla að samræmdum mælingum á ánægju viðskiptavina milli atvinnugreina og fyrirtækja og er áhersla lögð á staðlaðar spurningar þvert á markaði.

Íslenska ánægjuvögin samanstendur af ellefu spurningum en auk ánægjuvogarþáttarins eru mældir þættir sem tengjast ímynd fyrirtækisins, væntingum viðskiptavina og mati þeirra á gæðum, verðmæti vöru og þjónustu og tryggð.



Breytingar í stjórn LABAK

Aðalfundur Landssambands bakara-meistara var haldinn 2. mars.

Jóhannes Felixson var endurkjörinn formaður félagsins. Hjálmar E. Jónsson og Vilhjálmur Þorláksson voru kosnir í stjórn til eins árs og Sigurður Enoksson og Sigþór Sigurjónsson til tveggja ára. Hafliði Ragnarsson og Jón Rúnar Arilíusson gengu úr aðalstjórn en voru kosnir varamenn til eins árs.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa kom Guðmundur Kjerúlf, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu, á fundinn og flutti erindi um vinnuvernd í fyrirtækjum. Markmið með vinnuverndarstarfi er að stuðla að því að starfsmenn séu verndaðir gegn heilsutjóni sem kann að stafa af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum, að stuðla að því að starfsmenn fái verkefni við hæfi, stuðla að góðri andlegri og líkamlegri líðan og draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi og viðhalda heilsu starfsmanna á vinnustað. Allir vinnustaðir eiga að gera áhættumat. Áhættumatið á að vera skriflegt og aðgengilegt öllum starfsmönnum.

Ýmis hjálpargögn eru til á vef Vinnueftirlitsins, s.s. gátlistar, bæklingar, eyðublöð og fleira, þ.á.m. sérstakir gátlistar fyrir bakarí og ýmislegt sem varðar veitingahús og mötuneyti, ýmsan matvælaíðnað, líkamsbeitingu og félagslegan og andlegan aðbúnað sem bakaríni geta nýtt sér. Guðmundur lagði áherslu á að til að koma vinnunni af stað ættu menn að byrja á einföldum hlutum en taka síðan fyrir stærri og flóknari mál.



Meistarafélag í hárgreiðslu verður Meistarafélag hársnyrta

Á nýliðnum aðalfundi var ákveðið að breyta nafni Meistarafélagsins í hárgreiðslu í Meistarafélag hársnyrta. Með þessari breytingu er félagið aðgengilegra fyrir alla meistara sem starfa í þessu ágæta fagi og verður vonandi til þess að enn fleiri meist-

arar bætist í hópinn. Mikil vinna hefur verið unnin til hagsbóta fyrir hársnyrtifagið og ber m.a. að nefna:

- Breyting á iðnaðarlögnum sem er í farvatninu og hefur meistarafélagið staðið vörð um hagsmuni fagsins í því ferli og stendur enn.
- Tekið hefur verið á svartri og ólöglegri atvinnustarfsemi hvort heldur sem er í heimahúsum eða á atvinnumarkaði. Þetta er eilífðarverkefni og óskar Meistarafélagið eftir aðstoð almennings við að uppræta slíka vinnu.

Enn bætist í hóp vottaðra fyrirtækja

Jóhann Hauksson Trésmíði, Rafmenn og SS Byggir hafa staðist úttekt á fyrsta þrepi Áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun.

D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Með gæðavottunarkerfinu er stefnt að því að gera rekstur fyrirtækja skilvirkari. Fyrirtækið fer í gegn um stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind með það að markmiði að auka framleiðni og hagnað fyrirtækisins.



Jóhann Hauksson Trésmíði ehf. er rótgróið fyrirtæki með mikla reynslu og stofnað árið 1976. Fyrirtækið tekur m.a. að sér nýbyggingar, viðhald og breytingar fasteigna, t.d. sérsníði, innréttingar, kerfisveggi, kerfisloft, skjólveggi, sólpalla, húsgagna- og innréttingasmíði, byggingastjórnun o.fl.

Boðið er upp á heildarlausnir framkvæmda og séð um að útvega alla þá iðnaðarmenn sem þarf til verksins, hvort sem um er að ræða pípara, raf-

virkja, múrara eða málara. Auk þess sjá starfsmenn fyrirtækisins um að óska eftir tilboðum hjá iðnaðarmönnum og annast öll samskipti við þá sem koma að verkinu.



Rafmenn ehf. er einkahlutafélag stofnað í desember árið 1997. Í dag eru eigendur þess feðgarnir Jóhann Kristján Einarsson rafvirkjameistari og löggiltur rafverktaki og Árni Páll Jóhannsson.

Fyrirtækið er markaðssinnað raflagnafyrirtæki, sem starfar um land allt, en hefur sinn heimamarkað á Eyjafjarðarsvæðinu. Í dag starfa 29 starfsmenn hjá Rafmönnum.



SS Byggir ehf. var stofnað 16. mars 1978. Verkefni fyrstu árin voru aðallega einbýlishús og raðhús og starfsmenn 4 – 6. Um miðjan 9. áratuginn var svo ráðist í stærra verkefni, byggingu 54 íbúða sölublokka við Hjallalund. Eftir 1990 og fram til dagsins í dag hefur verið meira um stærri framkvæmdir eins og skóla, sjúkrahús, íþróttahús og skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þessar stóru framkvæmdir hafa kallað á fleira starfsfólk, aukinn tækjabúnað og bættu gæðastjórnun.

Umsvif fyrirtækisins hafa stóruaukist, þar starfa nú um 50 manns auk fjölda undirverktaka.



Nýir félagsmenn

GPO ehf.

Grandagarði 14
101 Reykjavík

My Time Plan ehf.

Grandagarði 14
101 Reykjavík

K2 Loftstokkahreinsun ehf.

Austurbraut 2
230 Reykjanesbæ

Alefli ehf.

Völuteig 11
270 Mosfellsbæ

Franch Michelsen ehf.

Laugavegi 15
101 Reykjavík

Sólóhúsgögn ehf.

Gylflöt 16 – 18
112 Reykjavík

Jarðval sf

Ennishvarfi 9
203 Kópavogi

Tvö K ehf.

Linakur 3b
210 Garðabæ

Zetia hf.

Smiðjuvegi 9
200 Kópavogi

Óskað eftir tilnefningum til Vaxtarsprotans

Vaxtarsproti ársins verður afhentur í sjöunda sinn 3. maí. Frestur til að skila tilnefningum og staðfestingum löggilts endurskoðanda er til fimmtudagsins 28. apríl. Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.

Vaxtarsprotinn, er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins/SSP, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknamiðstöðvar Íslands.

Skila skal tilnefningum til Davíðs Lúðvíkssonar á david@si.is.



Nýr sviðsstjóri á prenttækni sviði IÐUNNAR



Ingi Rafn Ólafsson hefur verið ráðinn sviðsstjóri á prenttækni sviði IÐUNNAR. Björn M. Sigurjónsson sviðsstjóri sem gegnt hefur starfinu undanfarin sjö ár sagði starfi sínu lausu í febrúar.

Starfið var auglýst og sóttu 29 einstaklingar um stöðuna. Ingi Rafn starfaði áður sem framkvæmdastjóri Prenttækni stofnunar frá 2001 til 2005 og undanfarin ár sem markaðs- og kynningarstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Hann mun hefja störf að fullu frá og með 1. maí. Ingi Rafn er boðinn velkominn til starfa um leið og Birni M. Sigurjónssyni er þakkað fyrir vel unnin störf á liðnum árum og honum óskað velfarnaðar í framtíðinni.



Maritech breytir nafninu í Wise lausnir

Hugbúnaðarhúsið Maritech ehf. hefur breytt nafni sínu í Wise lausnir ehf. Kennitalan helst óbreytt og nafnbreytingin kemur ekki til með að hafa áhrif á daglegan rekstur hjá fyrirtækinu.

Breytingunni er ætlað að styrkja vörumerkið Wise og samræma markaðs stefnu fyrirtækisins og Wise Dynamics, dótturfyrirtækisins í Kanada.

Maritech var stofnað árið 1995. Fyrirtækið sérhæfði sig upphaflega í sjávarútvegi en jók hratt framboð á lausnum og varð fljótlega öflugt á sviði viðskiptalausna fyrir all flestar atvinnugreinar. Þegar kom að nafnbreytingu lá Wise nafnið beinast við því það hefur hefur verið notað um árabil á mörgum hugbúnaðarlausnum fyrirtækisins. Má þar meðal annars nefna Wise Fish sem hefur verið selt á alþjóðmarkaði á annan áratug og Wise Analyzer greiningartólið.

Starfsmenn Wise lausna ehf. eru í dag um 80 talsins. Fyrirtækið rekur tvær starfsstöðvar á Íslandi með 70 starfsmönnum og eina í Halifax í Kanada, þar sem starfsmenn eru 10 talsins.



Vilborg Arna Gissurardóttir, pólari tók við fyrstu Köku ársins 2013

Kaka ársins var kynnt í bakaríum innan Landssambands bakarameistara konudagshelgina. Höfundur kökunnar, sem nefnist Rjómakókosdraumur, er Stefán Hrafn Sigfússon, bakari. Höfundurinn og Jóhannes Felixson, formaður Landssambands bakarameistara, afhentu Vilborgu Örnu Gissurardóttur, pólfara, fyrstu kökuna á samkomu sem vinir Vilborgar héldu henni til heiðurs á Kex hosteli.

Laða til sín fjárfesta og fé í Kísildalnum



Eigendum leikjafyrirtækisins Plain Vanilla hefur á þremur mánuðum tekist að safna 150 milljónum króna til frekari sóknar frá fjárfestum í Kísildalnum í Kaliforníu. Fyrirtækið þróar spurningaleiki fyrir snjallsíma og í umfjöllun um þetta mál í viðskiptablaði MBL 21. mars, segir Þorsteinn Baldur Friðriksson, einn forsvarsmanna fyrirtækisins, næsta skref að hanna samfélagsvef sem tengir fólk með sömu áhugamál. Í viðtalinu við MBL segir Þorsteinn þá hafa leitað að fjármagni fyrir reksturinn hérlandis en gengið erfiðlega. Þeir hafi ákveðið að fara til hjarta tækniheimsins í Kísildalnum og freista gæfunnar. Að baki fjármögnunar Plain Vanilla standa nú 20 fjárfestingafyrirtæki víðs vegar að, Singapúr, London, Kína og New York svo eitthvað sé nefnt



Vel heppnuð Nemaþeppni Kornax

Hin árlega Nemaþeppni Kornax var haldin með glæsibrag í húsnæði Hótel- og matvælasþólans 14.-15. mars. Níu nemendur frá sjö bakaríum öttu kappi í þessari skemmtilegu þeppni sem haldin er af Kornax í samstarfi við Klúbb bakara-meistara, Landssamband bakara-meistara og Hótel- og matvælasþólann. Verkefni nemanna er að útbúa glæsilegt veisluþorð sem samanstendur af ýmsu brauðmeti og skrautstýkkjum.

Þeppnin nýtur vaxandi vinsælda og er óhætt að segja að vel hafi tekist til með baksturinn í ár. Dómnefnd tók sér langan

umhugsunartíma og var rafmögnuð spennna í loftinu á lokahófi þeppinnar þegar úrslit voru kunngjörð. Sigurvegari Nemaþeppinnar í ár kemur frá Topp Tertum og Brauð og heitir Íris Björk Óskarsdóttir. Íris hlaut að launum eigna- og farandbikar auk ferðavinnings. Ennfremur veitir eitt af úrslitasætum þeppinnar rétt til þátttöku í Evrópuþeppni bakaranema. Dómnefndina í ár skipuðu þau Daníel Kjartan Ármannsson Mosfellsbakarí, Rebekka Helen Karlsdóttir Brauða- og Kókugerðinni og Elías Þóris-

son Passion bakarí, sem öll eru fyrrum sigurvegarar þeppinnar.

Það voru þeir Ásgeir Þór Tómasson frá Hótel- og matvælasþólanum og Þór Fannberg Gunnarsson frá Kornaxi sem höfðu veg og vanda af umsjón þeppinnar.



Íris Björk Óskarsdóttir
stoltur vinningshafi



Bygging hafin á 1300 nýjum íbúðum

Samtök iðnaðarins stóðu nýverið fyrir talningu íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðan er sú að íbúðir sem eru fokheldar og lengra komnar eru rúmlega 800 talsins og hafin er bygging á um 700 íbúðum til viðbótar sem eru skemur á veg komnar.

Meirihluti þessara 1300 íbúða sem farið verður af stað með eru stórar og dýrar eignir. Miðað við fjölda íbúða og byggingarstig telja Samtök iðnaðarins ótvírætt að þörf sé á íbúðum fyrir „fyrstu íbúða kaupendur“, þ.e. smærri og ódýrari eignir, án bílakjallara svo dæmi sé tekið. Allt of hátt lóðarverð hamlar aftur á móti byggingu þeirra.

Líta verður til þess að sala á húsnæði hefur verið dræm frá hrúni og margir sem hafa haldið að sér höndum eru nú tilbúnir að kaupa, einnig eru stórir árgangar að koma nýir inn á markaðinn. Miðað við eðlilegt árferði þarf að byggja 1500 – 1800 íbúðir árlega. Allt frá hrúni hafa íbúðabyggingar verið langt undir því viðmiði og því er mikil uppsöfnuð þörf á íbúðamarkaði sem m.a. birtist í háu leiguverði.

Þá þarf að hafa í huga að byggingartími íbúðar í fjölbýli er 18-24 mánuðir þannig að ljóst er að íbúðir í byggingu eru langt frá því að fullnægja þörf markaðarins.

Gámaþjónustan innleiðir umhverfisstjórnunarkerfi skv. staðlinum ISO 14001

Gámaþjónustan hf. hefur innleitt umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO 14001. Fyrirtækið hlaut vottun á umhverfisstjórnunarkerfinu í mars. Vottunin er staðfesting þess að Gámaþjónustunni hefur tekist að fylgja eftir umhverfismarkmiðum sínum sem koma fram í slagorði fyrirtækisins um bætt umhverfi og betri framtíð.

Notkun umhverfisstjórnunarkerfis er vaxandi krafa í viðskiptum. Á stefnumótunarfundi starfsmanna sem haldinn var í byrjun árs 2012 kom fram mikill áhugi á verkefninu og naut það mikils fylgis. Í framhaldi af því tók stjórn fyrirtækisins ákvörðun um að hefja innleiðingu á kerfinu.

Gunnar Bragason markaðs- og gæðastjóri Gámaþjónustunnar segir að fyrirtækið hafi ekki mætt verulegum hindrunum í innleiðingarferlinu. Góð kynning á verkefninu fyrir starfsfólk fyrirtækisins sé nauðsynleg því undirbúningur innleiðingar geri kröfu um breytt vinnubrögð og vinnuframlag margra starfsmanna. „Það getur reynt erfitt að breyta viðhorfi starfsmanna, en það reyndist okkur ekki hindrun“ segir Gunnar.

Ávinningurinn af umhverfisstjórnunarkerfi er að sögn Gunnars margvíslegur og ber þar helst að nefna fjárhagslegan ávinning, aukna umhverfisvitund starfsmanna, aukið upplýsingaflæði og samskipti innan fyrirtækis, aukin tækifæri til markaðssetningar auk þess sem starfsmenn eru stoltir af innleiðingunni og breiða út boðskapinn.

Gunnar segir þetta lærdómsríkt ferli sem krefjist fullrar þátttöku allra starfsmanna. „Þrátt fyrir að mikil vinna fari í

innleiðinguna í upphafi þá er þetta ferðalag mikill lærdómur fyrir alla starfsmenn. Verkefninu er í raun aldrei lokið og mikilvægt að fylgja því eftir. Eftir innleiðingu er mikilvægt að vinna að stöðugum umbótum“ segir Gunnar.

Umhverfisstefna Gámaþjónustunnar er sett fram í fimm liðum:

- Gámaþjónustan er í fararbroddi í flokkun og endurvinnslu úrgangs á Íslandi og stuðlar þannig að aukinni flokkun og endurvinnslu úrgangs viðskiptavina sinna.
- Gámaþjónustan tekur tillit til umhverfismála og leitast við að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.
- Gámaþjónustan fylgir lagalegum kröfum á sviði umhverfismála og vinnur eftir umhverfisstjórnunarskaðlinum ISO 14001 til að tryggja stöðugar umbætur.
- Í rekstri Gámaþjónustunnar er leitast við að fara vel með auðlindir og tekið er tillit til umhverfissjórnarmiða við innkaup.
- Gámaþjónustan einsetur sér að kynna viðskiptavinum fyrirtækisins gildi úrgangsflokkunar, endurvinnslu og endurnýtingar með það að markmiði að auka flokkun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

Umhverfisstefnan endurspeglar í öllum verkferlum fyrirtækisins við innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfinu.

Að sögn Gunnars er næsta skref að innleiða umhverfisstjórnunarkerfi hjá dótturfélögum Gámaþjónustunnar sem eru víðsvegar um land.



Búðarhálsvirkjun

Útboðsþing 2013 Heldur bjartara framundan en síðustu ár

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins var haldið á Grand Hótel Reykjavík 8. mars. Yfir 100 áhugasamir verktakar hlýddu á fulltrúa helstu framkvæmdaðila hins opinbera kynna fyrirhugaðar framkvæmdir.

Dagur B. Eggertsson kynnti framkvæmdir Reykjavíkurborgar sem nema um 10 milljörðum króna. Hann vakti athygli á umtalsverðri uppbyggingu einkaaðila umhverfis Hlemm en þar er að fara af stað nýbygging 550 íbúða. Áætlað er að þessi verkefni kosti um 20 milljarða króna.

Framkvæmdasýslan kynnti myndarlegan framkvæmdapakka fyrir tæpar 18 milljarða. Nokkuð tryggt er að af þeim verið því einungis voru kynntar framkvæmdir sem þegar hafa verið fjármagnaðar eða fjármögnun tryggð.

Landsvirkjun kynnti tæplega 17 milljarða króna áætlun þar sem Búðarhálsvirkjun er fjárfrekasta framkvæmdin.

Nýframkvæmdir HS Orku eru að mestu í biðstöðu meðan beðið er ákvörðunar Norðurláls.

Landsnet áætlar að verja 6,6 milljörðum til nýfjárfestinga á árinu sem er 4,5 milljarða aukning frá fyrra ári.

Við uppskerum eins og við sáum!

Við tilkynnum með stolti að nýverið hlaut Gámaþjónustan hf. ISO 14001 vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sínu



Vottunin er ánægjuleg staðfesting þess að Gámaþjónustunni hf. hefur tekist að fylgja eftir umhverfismarkmiðum sínum sem koma vel fram í slagorði þess um bætt umhverfi og betri framtíð. Jafnframt er þetta hvatning til frekari dæða.



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Mikill hugur í málm- og véltækniöðnaðnum



Samtök málm- og véltækniyrirtækja – MÁLMUR – ásamt Samtökum iðnaðarins gengust fyrir ráðstefnu síðasta dag febrúarmánaðar. Þar var greint frá helstu viðfangsefnum innan greinarinnar og ný mótaðri stefnu sem unnið verður eftir næstu fimm árin og miðar að því efla íslenskan málmíðnað til enn stærri átaka og meiri samkeppni á alþjóða markaði.

Á ráðstefnunni var bent á að ábyrgir aðilar hafa haldið því fram að eina leiðin til að bæta kjör landsmanna og styrkja velferðarþjónustuna sé að auka verðmætasköpunina. Sömu aðilar láta þess jafnframt getið að þetta markmið náist því aðeins að takast megi að stórefla tæknigreinar þessa lands enda hefur þegar verið sýnt fram á að þær geta

vaxið á alþjóðamarkaði ef vel og skipulega er staðið að málum.

Það hefur málm- og véltækniöðnurinn einmitt gert undanfarin ár og á fyrir skömmu var lokið við að móta nýja framtíðarsýn til ársins 2017. Þar er stefnt að því að greinin muni þá gegna lykilhlutverki í íslensku atvinnulífi og verða ein helsta grunnstoð þjóðfélagsins. Þessi sýn var kynnt á umræddri ráðstefnu ásamt því sem vinna þarf að til að hún verði að veruleika árið 2017. Gerð var grein fyrir átta verkefnum sem unnið verður skipulega að næstu árin af hálfu hagsmunasamtakanna, fyrirtækjanna og opinberra aðila sem koma að einstökum málaflokkum. Þá var farið yfir væntanleg viðbótarverkefni fyrir málmíðnaðinn sem framundan eru ef hugmyndir þar um ganga eftir. Talsverður tími fór svo í að ræða ýmislegt sem snertir iðn- og tækninám í málm- og véltæknigreinum og hvernig á að auka áhuga unga fólksins á slíku námi í framtíðinni. Ljóst er að eftirspurn eftir lærðu fólki á þessu sviði mun aukast gríðarlega næstu árin. Því eru mikil verkefni framundan til að stuðla að því að þeirri þörf verði mætt.



Valka hlýtur Nýsköpunarverðlaun Íslands 2013



Starfsfólk Völku, Helgi Hjálmarsson framkvæmdastjóri heldur á verðlaunagripnum

Fyrirtækið Valka hlaut verðlaunin sem afhent voru á Nýsköpunarþingi 18. apríl. Valka er hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun á tækjum og hugbúnaði fyrir fiskvinnslu. Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Völku veitti verðlauninum viðtöku. Á Nýsköpunarþingi voru íslensk sprettfyrirtæki gerð að umfjöllunarefni og voru þrjú fyrirlasarar fengnir til að segja frá hraðvaxta fyrirtækjum og stöðu íslenskra sprettfyrirtækja eða svokallaðra „gazella“. Tæplega 300 manns sóttu þingið, sem haldið var á Grand hótél Reykjavík.

Valka ehf. var stofnað árið 2003 af Helga Hjálmarssyni verkfræðingi sem er jafnframt framkvæmdarstjóri fyrirtækisins en þar starfa nú 18 manns. Valka er hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun á tækjum og hugbúnaði fyrir fiskvinnslu. Valka býður margs konar lausnir og búnað allt frá stökum vogum, innmötunarvélum og flokkurum til flæði- og skurðarlína og þökkunarkerfa. RapidFish hugbúnaður Völku er einfalt en öflugt framleiðslustjórnar- og pantana-kerfi fyrir fiskvinnslur og sölu fyrirtæki. Fyrirtækið hlaut viðurkenningu á Íslensku sjávarútvegssýningunni fyrir Aligner flokkarann sem flokkar og leggur flök og bita sjálfvirk í kassa og á árinu 2011 seldi Valka svo flokkunarbúnað og þökkunarlínu fyrir heilan lax til Noregs og er það jafnframt stærsta einstaka sala fyrirtækisins, en verðmæti verkfnisins nam um 400 milljónum íslenskra

Nýsköpunarverðlaun Íslands

Nýsköpunarverðlaun Íslands eru veitt af Rannís, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, til fyrirtækja sem þykja hafa skarað fram úr í þróun nýrrar vöru eða þjónustu, sem byggð er á rannsóknar- og vísindastarfi og náð hefur árangri á markaði. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á þeim mikilvægu tengslum sem eru á milli rannsókna og þekkingaröflunar og aukinnar verðmætasköpunar í atvinnulífinu. Verðlaunagripurinn er stytta af frjósemisgoðinu Frey eftir Hallstein Sigurðsson myndhöggvara.

króna. Öll samsetning á tækjum Völku fer fram innanhúss en aðkeypt smíði er að mestu leyti unnin af íslenskum verk-tökum.

Fiskbein fundin með nákvæmri röntgen tölvusjón

Valka hefur verið í stöðugri sókn og hlaut meðal annars Vaxtarsprotann 2012 sem er viðurkenning fyrir öflugan uppbyggingu sprotafyrirtækis og í fyrra var einnig sett upp hjá HB Granda fyrsta röntgenstýrða beinskurðarlínan frá Völku sem jafnframt er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Beinaskurðarlínan staðsetur fiskbein í fiskflökum með röntgen tölvusjón á afar nákvæman hátt og sker beingarðinn sjálfvirk úr flökunum auk þessa sem búnaðurinn getur skorið flakið í bita. Valka hefur í samstarfi við HB Granda, Samherja og Nýfisk með stuðningi Rannís og Tækniþróunarsjóðs unnið í nokkur ár að þróun þessarar sjálfvirku beinaskurðarlínu. Línan hefur nú formlega verið markaðssett og eru miklar væntingar í fiskvinnslugeiranum til þessarar nýju tækni og rætt um stærsta skref í bolfiskvinnslu frá því að flæðilínur komu fyrst á markað. Nýja skurðarvélina – sem er sem fyrr segir sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum – verður sýnd í fyrsta skipti á sjávarútvegssýningunni í Brussel sem hefst þann 23. apríl og er búist við miklum áhuga á vélinni.



Svipmyndir frá Árshófi SI 15. mars



Formaður SI Svana Helen Björnsdóttir setti hófið og bauð gesti velkomna



Guðrún Hafsteinsdóttir markaðsstjóri Kjörís var veislustjóri



Áslaug Gunnarsdóttir stjórnarformaður Nóa Síríus var ræðumaður á hófinu



Pétur Jóhann Sigfússon og Sigurður Guðmundsson söngvari voru skammtikrafar kvöldsins.





HVER ÁBYRGIST ÞINN MEISTARA?

Meistarar í Samtökum iðnaðarins eru með Ábyrgðasjóð sem tryggir þér vel unnið verk.

Ert þú með skriflegan samning og tryggingu um fagleg vinnubrögð frá þínum meistara?

Það er trygging fyrir gæðum og réttum vinnubrögðum að skipta við meistara og fagmenn sem hafa tilskilin réttindi. Innan raða Samtaka iðnaðarins er starfandi Meistaradeild sem hefur á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns framkvæmda.



Félag blikksmiðjueigenda
www.blikksmidjur.is



Félag dúklagninga- og veggfóðrarmeistara
www.dukur.is



Félag skrudgardyrkjumeistara
www.meistari.is



Málrameistarafélagið
www.malarar.is



Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi
www.mbn.is



Meistarafélag húsasmíða
www.mfh.is



Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði
www.si.is/mih



Meistarafélag Suðurlands
www.mfs.is



Múrarmeistarafélag Reykjavíkur
www.murameistarar.is



SART - Samtök rafverktaka
www.sart.is



Kynntu þér málið á www.si.is